

Úrskurður nr. 12/2002

- Endurákvörðun
- Tollsflokkun

Kærð er endurákvörðun tollstjórans í Reykjavík frá 21. október 2002 um tollflokkun á Playstation 2 leikjatölvum og hlustunarstöðvum. Kærandi krefst þess að hin kærða ákvörðun verði felld úr gildi. Ríkistollanefnd staðfesti úrskurð tollstjóra að hluta.

Tollalög nr. 55/1987. 98. gr., 99. gr., 101.gr., 108. gr og 142. gr. Stjórnsýslulög nr. 37/1993. 10. gr. Reglugerð nr. 61/1989.

Með bréfi, dags. 7. nóvember 2002, sem barst nefndinni þann 8. s.m. kærir S., úrskurð tollstjórans í Reykjavík, dags. 21. október 2002. Í hinum kærða úrskurði endurákvörðar tollstjóri aðflutningsgjöld af alls 21 vörusendingu sem innihéldu Playstation 2 leikjatölvur, hlustunarstöðvar, þ.e. tæki sem notuð eru í hljómplötuverslunum til að kynna tónlist. Kærandi krefst þess að varan verði tollflokkuð í samræmi við upphafleg tollafgreiðslugögn, þ.e. í tollflokk 8471. Þá er þess óskað að munnlegur málflutningur fari fram um mál þetta. Tollstjóri úrskurðar að Playstation 2 leikjatölvur skuli fokka í tollflokk 9405 og hlustunarstöðvar í tollflokk 8519.

Í kærinni segir m.a. að af hálfu innflytjanda hafi tollstjóra verið sent ítarlegt bréf þann 19. júlí 2002, þar sem því var mótmælt að Playstation 2 tölvur féllu undir tollflokk 9504 undirlið 1000. Mótmælin byggðust á því að Playstation 2 tölvur væru ekkert frábrugðnar öðrum tölvum svo sem Dell OptiPlex GX1 Creative PC-DVD Dxr 2 tölvu með Dynamic Xtended resolution. Kærandi krafðist þess að fram færi ítarleg rannsókn og samanburður á Playstation 2 annars vegar og öðrum einkatölvum, sem nota má með nákvæmlega sama hætti fyrir tölvuleiki. Slíkur samanburður var ekki gerður af hálfu tollstjóra heldur var látið við það sitja að vísa til skýringarbókar frá Brussel, sem virðist leggja fyrir að tollflokka Playstation 2 í flokk 9504. Síðan segir að sú skylda hvíli á tollstjóra og öðrum stjórnvöldum á sviði tollamála sbr. 10.gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, að fullnægja rannsóknarskyldu sinni áður en ákvörðun er tekin. Draga má í efa að starfsmenn tollyfirvalda hafi þá sérfræðipækkingu til að bera, að þeir geti skorið úr um hvort Playstation 2 sé svo frábrugðin öðrum tölvum að hana beri að tollflokka með þeim hætti sem gert er í hinum kærða úrskurði. Þegar sérfræðipækkingar er þörf ber stjórnvaldi að kalla sér til aðstoðar aðila með sérfræðipækkingu, en þessi almenna og óskráða regla stjórnsýsluréttar kemur m.a. fram í 2. mgr. 98. gr. og 5. mgr. 101.gr. tollalaga nr. 55/1987. Þá segir í kærinni að framleiðandi Playstation 2 Sony hafi lagt fyrir umboðsmenn sína og dreifendur Playstation 2 um allan heim að flokka Playstation 2 í tollflokk 8471. Verður að ætla að Sony, sem ekki aðeins framleiðir Playstation 2 tölvur, heldur einnig aðrar gerðir af tölvum, sem nota má fyrir tölvuleiki og ekki er deilt um að falli undir tollflokk 8471, hafi meiri og betri vitneskju um eiginleika Playstation 2 tölva heldur en tollheimtumenn sem ekki hafa svo vitað sé látið fara fram neina rannsókn eða samanburð á Playstation 2 og öðrum tölvum. Meðan sú rannsókn hefur ekki

farið fram af hálfu tollyfirvalda hvorki hér á landi né annars staðar er því mótmælt að íslensk tollyfirvöld geti með vísan til skýringabóka um tollflokkun mismunað innflytjendum á sams konar vörum með þeim hætti sem hinn kærði úrskurður gerir.

Þá er mótmælt tollflokkun svokallaðra hlustunarstöðva í úrskurði tollstjóra. Vísað er til bréfs sérfræðings sem kærandi telur að sýni og sanni að hlustunarstöðvar séu í raun venjulegar PC-tölvur, sem kaupa má hjá hvaða tölvusmásala sem er.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir að innflytjanda hafi verið tilkynnt bréflaga um fyrirhugaðan úrskurð um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna eftirfarandi sendinga:

S ARN 19 12 0 NL RTM W044	S HEG 14 02 1 NL RTM J242
S HEG 12 12 0 NL RTM W050	S HEG 28 02 1 NL RTM W048
D 778 07 01 1 LU LIX 0752	F 787 19 11 0 BE LGG 9443
D 778 21 01 1 LU LUX 0908	F 307 21 04 1 SE ARN W468
D 810 02 08 1 GB EMA 0539	F 787 12 08 1 BE LGG V019
F 783 19 10 1 BE LGG 4556	S ARN 18 09 1 NL RTM W069
F 787 28 01 1 BE LGG 8877	F 787 23 09 1 BE LGG V081
S ARN 20 03 1 NL RTM W068	D 810 20 08 1 DE CGN 0773
S ARN 26 12 0 NL RTM W053	F 741 21 12 1 BE BRU 3329
S HEG 04 12 1 NL RTM W055	S ARN 20 03 1 NL RTM J383
S HEG 05 06 1 NL RTM W054	

Var fyrirsvarsmönnum fyrirtækisins gefinn kostur á að koma á framfæri sjónarmiðum sínum innan frestsskilyrða. Innflytjandi mótmælti fyrirhuguðum úrskurði um endurákvörðun aðflutningsgjalda að hluta. Með bréfi var tollstjóra tilkynnt að innflytjandi geti ekki fallist á flokkun tollstjóra á svokölluðum hlustunarstöðvum í tollflokk 8519. Embættið telur rök fyrirtækisins ekki breyta álitinu sínu á tollflokkun umrædds tækis. Ekki sé verið að tala um hlustunarstöðina sjálfa, heldur tölvuna sem er stjórnbúnaður.

Þá kemur fram í úrskurði tollstjóra að innflytjandi hafi tollflokkað leikjatölvur reglulega í tnr. 8471.5000 sem tölvuvinnslueiningar. Rétt tollflokkun að mati embættisins sé hins vegar í tnr. 9504.1000 sem rafmyndaleiktæki sem notuð eru við sjónvarpsviðtæki. Kaplar voru ranglega flokkaðir í tollskrárnúmer 8473.3000. Rétt tollflokkun er að álitinu tollstjóra tnr. 8544.5109. Minniskubbar voru ranglega tollmerktir í tnr. 8471.9000. Rétt flokkun er að álitinu tollstjóra 8471.7000. Þá flokkaði innflytjandi DVD fjarstýringar fyrir spilara ranglega, að álitinu tollstjóra, í tnr. 8543.8909. Rétt flokkun er að álitinu tollstjóra tnr. 8543.8901. Þá flokkaði innflytjandi hlustunarstöðvar í tnr. 8471.1000. Rétt tollflokkun er að álitinu tollstjóra tnr. 8519.9909.

Þá segir í úrskurðinum að í túlkunarreglu númer 1 segi að fyrirsagnir á flokkum, köflum og undirköflum séu einungis til leiðbeiningar. Í lagalegu tilliti skuli tollflokkun byggð á orðalagi vöruliða, athugasemda við tilheyrandi flokka eða kafla og brjóti það eigi í bága við orðalag vöruliða eða athugasemda skuli fylgt öðrum túlkunarreglum tollskrárinnar. Í túlkunarreglu númer 6 segir að í lagalegu tilliti skuli flokkun í undirliði einstakra vöruliða byggð á orðalagi

undirliðanna og sérhverri tilheyrandi athugasemd við undirliði og að breyttu breytanda, framangreindum reglum, með því fororði að aðeins jafnsettir undirliðir verði bornir saman. Viðkomandi athugasemdir við flokka og kafla gildi einnig með tilliti til þessarar reglu, nema annað leiði af orðalagi.

Úrskurður um endurákvörðun aðflutningsgjalda er byggður á 1. mgr. 99. gr. og 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum. Í 1. mgr. 99. gr. tollalaga kemur fram að tollstjóri skuli í samræmi við ákvæði greinarinnar endurákvæða innflytjanda aðflutningsgjöld ef í ljós kemur að þau voru ekki rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Samkvæmt 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga er tollstjóra heimilt að endurákvæða aðflutningsgjöld sex ár aftur í tímann, talið frá tollafgreiðsludegi, þegar um SMT- tollafgreiðslu er að ræða. Dráttarvextir reiknast frá tollafgreiðsludegi til greiðsludags, sbr. 7. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 61/1989, um greiðslustað, gjalddaga og fullnustu aðflutningsgjalda vegna tollmeðferðar á innfluttum vörum, með síðari breytingum.

Í 2. mgr. 108. gr. tollalaganna segir að eindagi aðflutningsgjalda, sem innflytjandi hefur vanreiknað í aðflutningsskýrslu eða vanreiknuð reynast samkvæmt upplýsingum sem gefnar hafa verið við tollafgreiðslu, sé tollafgreiðsludagur varanna. Vangreidd gjöld kr. 21.518.808,00 eru fallin í eindaga og ber að greiða þau ásamt dráttarvöxtum kr. 7.452.997,00 til 18. október 2002.

Ríkistollanefnd sendi tollstjóranum í Reykjavík kærana til umsagnar með bréfi dags. 8 nóvember 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 29. nóvember 2002 rekur tollstjóri að í hinni kærðu endurákvörðun sem hafi lotið að athugasemdum er gerðar höfðu verið við tollafgreiðslu á vörum í 21 sendingu til fyrirtækisins. Við 10 þessara sendinga hafi eingöngu verið gerðar athugasemdir við tollflokkun á „Sony PlayStation 2“ leikjatölvum (PS2). Vegna 7 sendinga til viðbótar voru gerðar auk athugasemda við tollflokkun PS2 leikjatölva, athugasemdir vegna flokkunar á köplum, minniskubbum og fjarstýringum fyrir DVD spilara auk athugasemda vegna þess að upprunalegan vörureikning vantaði vegna einnar sendingarinnar. Úr því bætti fyrirtækið snarlega. Vegna tveggja sendinga var gerð athugasemd við tollflokkun hlustunarstöðva auk athugasemda vegna vörureiknings og þess að yfirlýsingar um uppruna vörunnar væru ekki gildar. Við síðustu tvær sendingarnar var gerð athugasemd við upprunayfirlýsingu og það að kaupverð væri tilgreint of hátt.

Þá segir að kærandi hafi svarað þessum athugasemdum með bréfi, dags. 19. júlí s.l., þar sem andmælt var þeim athugasemdum sem gerðar höfðu verið við tollflokkun á PS2 leikjatölvum og hlustunarstöðvum á þeim grunni að í raun væri um að ræða tölvur sem væru í engu frábrugðnar venjulegum heimilistölvum (PC tölvum) og var bent á tiltekna gerð sem „*fellur væntanlega í hóp sjálfvirkra gagnavinnsluvéla*“ til samanburðar. Með bréfinu var jafnframt tekið fram að ekki væri um efnislegan ágreining að ræða um önnur atriði heldur væri verið að vinna að þeim leiðréttingum.

Þessum andmælum svaraði tollstjóri með bréfi, dags. 16. september s.l., þar sem ekki var fallist á sjónarmið kæranda og röksemdir tollstjóra fyrir tollflokkun raktar.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að í kærinni til ríkistollanefndar nú sé engu bætt við fyrri athugasemdir kæranda heldur einungis gerð krafa um að fram fari ítarleg rannsókn og samanburður á „PlayStation 2“ leikjatölvum og einkatölvum sem nota má fyrir leiki. Dregið er í efa að tollstarfsmenn hafi þá þekkingu til að bera að geta skorið úr um það hvort PS2 sé svo frábrugðin öðrum tölvum að hana beri að flokka í vörulið 9504. Jafnframt er vísað til heimildar tollstjóra, í 2. mgr. 98. gr. tollalaga, að kalla sér til aðstoðar sérfróða menn til upplýsingar um atriði sem varða tollafgreiðslu. Því er mótmælt að á meðan ekki hefur farið fram slík sérfræðirannsókn á vegum tollyfirvalda hér á landi eða erlendis geti tollyfirvöld með vísan til skýringarbóka um tollflokkun mismunað svo innflytjendum sams konar vara.

Hvað varðar hlustunarstöðvar er vísað til fyrri bréfaskrifta og ítrekað að hlustunarstöðvar séu í raun venjulegar PC-tölvur sem hægt er kaupa hjá hvaða tölvusmáala sem er.

Af gögnum þeim sem kærandi leggur fram með kæru sinni til ríkistollanefndar er ljóst að þegar árið 2000 vissi fyrirtækið af ágreiningi um tollflokkun á „PlayStation 2“ leikjatölvum milli framleiðandans Sony og tollyfirvalda víða í heiminum. Fyrirtækið vissi einnig að tollyfirvöld í Bretlandi höfðu gefið út bindandi ákvörðun um tollflokkun vörunnar í vörulið 9504, ákvörðun sem er bindandi fyrir öll Evrópusambandsríkin fimmtán. Fyrirtækið kaus samt sem áður að fá ekki úr þessum ágreiningi skorið hjá íslenskum tollyfirvöldum með ósk um bindandi tollflokunarákvörðun, sbr. ákvæði 142. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, heldur ákvað að tollflokka vöruna í vörulið 8471.

Þá segir að tollstjóri hafi með bréfi sínu til kæranda dags. 16. september gert ítarlega grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi tollflokkun þessara tveggja gerða tækja sem hér er ágreiningur um. Meginröksemdirnar fyrir tollflokkun leikjatölvunnar í vörulið 9504 en ekki í vörulið 8471 eru í fyrsta lagi að tækið uppfylli ekki skilyrði athugasemdar 5.A.a. við 84. kafla tollskrár til að teljast sjálfvirk gagnavinnsluvél. Tækinu er best lýst í vörulið 9504 þar sem aðalnotkun þess sé leiktæki og beri því að flokka þar á grundvelli 1. almennu túlkunarreglu tollskrár og sbr. athugasemd 1.p. við XVI. flokk tollskrár. Jafnframt er bent á skýringarlið 2 við vörulið 9504, á bls. 1714, í skýringarriti Alþjóðatollastofnunarinnar (World Customs Organisation) og tekið fram að tollskrárnefnd hennar (Harmonized System Committee) hafi tekið fyrir og ákveðið tollflokkun á „Sony PlayStation 2“ leikjatölvu í vörulið 9504 í tollskrá, undirlið 1000, á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, sbr. athugasemd 1. p. við XVI. flokk hennar.

Þess ber að geta þrátt fyrir að fram kæmi í tollskrárnefndinni að leikjatölvan uppfyllti skilyrði athugasemdar 5.A.a. við 84. kafla, litu margir nefndarmenn svo á að ekki væri hægt að líta svo á að þau tæki sem væru „auðveldlega forrituð“ eða „vinna gögn“ væru sjálfkrafa ætluð eingöngu eða aðallega til sjálfvirkrar gagnavinnslu í skilningi tollskrár.

Til viðbótar má benda á að yfirvöld í Evrópusambandinu hafa komist að sömu niðurstöðu um flokkun á „PlayStation 2“ leikjatölvum og gefið út reglugerð því til staðfestingar.

Vegna kröfu kæranda um rannsókn sérfróðra manna vill embættið taka fram að tollstarfsmenn eru sérfræðingar í tollskrá og flokkun vöru samkvæmt reglum hennar. Ekki var talin þörf á að kalla til aðra sérfróða menn eða láta fara fram rannsókn á vörunni á kostnað innflytjanda þar eð allar nauðsynlegar upplýsingar lágu fyrir til að tollstarfsmenn gætu ákvarðað tollflokkun á grundvelli sérfræðipekkingar sinnar á tollskrá.

Reyndar hefur, þrátt fyrir fullyrðingu kæranda, farið fram samanburður sérfróðra manna á leikjatölvum og einkatölvum. Þessi samanburður er meðal annars grunnurinn að þeirri ákvörðun tollskrárnefndar Alþjóðatollastofnunarinnar að „PlayStation 2“ leikjatölva skuli flokkast í vörulið 9504 í tollskrá, undirlið 1000, á grundvelli 1. og 6. almennu túlkunarreglu tollskrár, sbr. athugasemd 1. p við XVI. flokk hennar.

Hlustunarstöðvar eru tæki sem sett eru upp í hljómplötuverslunum til þess að viðskiptavinirnir geti hlustað á tónlistina með það fyrir augum að velja sér geisladisk til kaups. Venjulega eru útstöðvar víða um verslunina þar sem viðskiptavinurinn getur sett á sig heyrnartól og e.a. valið sér disk til hlustunar. Tónlistin er send um línu frá spilunartækinu, sem venjulega er við afgreiðsluna, að útstöðinni. Spilunartækið getur í sjálfu sér verið af hvaða gerð sem er, svo sem eins og snúðar, plötu- og snælduspílarar, geislaspílarar eða jafnvel að um sé að ræða stafræna hljóðskrá spilaða beint af hörðum disk.

Nákvæmlega sömu röksemdir gilda um tollflokkun á hlustunarstöðvum eins og um leikjatölvurnar. Þær eru í raun að hluta til vélar sem eru „auðveldlega forritaðar“ og „vinna gögn“ en eins og áður segir er það ekki nóg til þess að vél flokkist sem sjálfvirk gagnavinnsluvél í vörulið 8471. Tækið er hannað og samsett til þess aðallega að spila tónlist og getur því ekki talist sjálfvirk gagnavinnsluvél í vörulið 8471, sbr. athugasemd 5. E. við 84. kafla. Þar sem um er að ræða vél úr sjálfstæðum hlutum sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði, að spila tónlist, verður að flokka hlustunarstöðina eftir því verkatriði í vörulið 8519 í samræmi við 4. athugasemd XVI. flokks tollskrár.

Ísland er aðili að Alþjóðatollastofnuninni (áður Tollasamvinnuráðið) og jafnframt að alþjóðasamningnum um samræmda vörulýsingar- og vörunúmeraskrá (Harmonized System (HS)). Samningi þessum er ætlað að samræma tollflokkun vöru og koma í veg fyrir misræmi eða hentistefnu í tollflokkun meðal aðildarríkjanna. Með aðild sinni hefur Ísland undirgengist að taka upp þessa skrá og flokkunarreglur hennar í íslensku tollskrána. Það hefur verið gert og er íslenska skráin byggð á þessari fyrirmynd. Alþjóðatollastofnunin fer með framkvæmd HS-samningsins og á að sjá til þess að framkvæmdin sé eins meðal aðildarríkjanna. Í því augnamiði hefur stofnunin gefið út skýringarbækur við skrána og jafnframt geta aðildarríkin leitað þangað um úrlausn á ágreiningi sínum milli um tollflokkun tiltekinnar vöru. Íslensk tollyfirvöld hafa ávallt, í samræmi við tilgang samningsins um

samræmda tollflokkun allra aðildarríkjanna, tekið mið af skýringarritum og úrskurðum stofnunarinnar við ákvörðun um tollflokkun vöru hér á landi.

Með vísan til ofanritaðs og forsendna hins kærða úrskurðar tollstjóra er þess krafist að hann verði staðfestur.

Ríkistollanefnd sendi greinargerð tollstjórans í Reykjavík til umsagnar kæranda með bréfi þann 29. nóvember 2002. Í svari sem barst nefndinni þann 16. desember 2002 segir m.a. að kærandi muni ekki svara efnislega rökum tollstjórans í Reykjavík um tollflokkun á Playstation 2 enda virðist kæranda vera samkomulag um flokkunina á heimsvísu. Síðan segir m.a. að fyrirtækið geti hins vegar ekki fallist á að venjuleg tölva, sem notuð sé við að kynna tónlist í verslunum S., skuli ekki flokkuð sem gagnavinnsluvél. Eins og bent hefur verið á af hálfu S., eru allar nýrri tölvur bæði notaðar sem gagnavinnsluvélar annars vegar og hins vegar hljóm-, myndflutnings-, útvarps- og sjónvarpstæki bæði á skrifstofum og heimilum. Væri því í raun rökrétt að flokka allar tölvur með þeim hætti sem tollstjóri kys varðandi hlustunarstöðvar S. S. noti sínar tölvur í löglegum tilgangi en í flestum tilvikum þegar einstaklingar og lögaðilar noti tölvur til hljóm- eða myndflutnings sé það til að komast fram hjá greiðslu fyrir afnot tónlistar eða mynda.

Aðalatriðið varðandi tollflokkun verði að vera það að sams konar tæki og tól séu tollflokkuð með sama hætti án tillits til þess hvernig þau séu notuð þegar þau hafi verið flutt inn.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um mál þetta og kynnt sér þau gögn sem málsaðilar hafa lagt fram. Tollstjóri endurákvæðar gjöld af vöru í alls 21 sendingu sem kom til landsins á árunum 1999 til 2001. Breytir hann flokkun á Playstation 2 leikjatölvum, rafmagnsköplum, fjarstýringum fyrir DVD spilara og hlustunarstöðvum fyrir hljómplötaverslanir. Endurákvæðunin nemur kr. 21.518.808,00 auk dráttarvaxta. Kærandi óskar eftir því að fram fari munnlegur málflutningur í málinu fyrir ríkistollanefnd. Þessu er til að svara að það er alfarið háð mati ríkistollanefndar hverju sinni hvort fram fari munnlegur málflutningur fyrir nefndinni. Tollalögin, sbr. 8. mgr. 101. gr., gera ráð fyrir því að ríkistollanefnd geti ákveðið munnlegan málflutning ef mál er flókið eða yfirgripsmikið. Að mati ríkistollanefndar eru fram komin þau gögn og þau sjónarmið málsaðila í málinu til að nefndarmenn geti gert sér skýra grein fyrir uppbyggingu og eðli þeirrar vöru sem deilt er um tollflokkun á. Með hliðsjón af þessu telur nefndin ekki ástæðu til að fram fari munnlegur málflutningur í máli þessu og er kröfu kæranda því hafnað.

Upphaflegar efniskröfur kæranda eru að úrskurði tollstjóra um flokkun á Playstation 2 leikjatölvum í tnr. 9504.1000, hlustunarstöðvum í tnr. 8519. 9909 verði hrundið og Playstation 2 leikjatölvur verði tollflokkaðar í tnr. 8471.5000 og hlustunarstöðvar í tnr. 8771.1000. Svar kæranda við rökstuðningi tollstjóra fyrir ríkistollanefnd verður að skilja með þeim hætti að kærandi hafi fallist á tollflokkun tollstjóra á "Playstation 2 leikjatölvum" og sætti sig við niðurstöðu hins kærða úrskurðar að því leyti. Þá gerir kærandi ekki ágreining um flokkun tollstjóra, í hinum kærða úrskurði, á köplum, minniskubbum og fjarstýringum

fyrir DVD spilara. Kærandi gerir hins vegar ágreining um flokkun á hlustunarstöðvum.

Nefndarmenn hafa skoðað hlustunarstöð í verslun kæranda og fengið sérfræðing til að skoða tækið og virkni þess. Þá hafa nefndarmenn farið yfir þau gögn sem tollstjóri leggur fram fyrir hinni breyttu flokkun á Playstation 2 leikjatölvum. Þar kemur fram að Alþjóðatollasamvinnuráðið hefur fjallað um flokkun tækisins. Í fundargerðum þess segir m.a. að tækið sé flókið alhliða tæki sem geti unnið mörg verkatriða tækja sem flokkast í vörulið 8471, svo og tækja sem flokkast í 8519, myndvinnslutækja í 8521 og leikjatölva í 9504. Það sé hins vegar ljóst að vélar sem eru auðveldlega forritaðar eða geta unnið gögn séu ekki sjálfkrafa flokkuð sem sjálfvirkar gagnavinnsluvélar í skilningi tollskrár. Leikjatölvan Playstation 2 er auglýst, markaðsett, innflutt og kynnt til sölu sem leikjatölva (video game player) í umbúðum sem í er leikjatölvan, stjórn tæki fyrir leiki, tengi og kaplar og er hönnuð til að nota við sjónvarpsmóttakara. Aðalvirkni tækisins er að spila leiki og þar af leiðandi er tækinu frávísað frá flokki XVI með athugasemd 1 (p). Meiri hluti Alþjóðatollanefndarinnar ákvarðaði að tækið "Sony Playstation 2" skyldi flokka í tollflokk 9504 sem leikjatölva til að nota með sjónvarpsmóttakara. Ríkistollanefnd er sammála þessari niðurstöðu Alþjóðatollasamvinnuráðsins og úrskurði tollstjóra um tollflokkun á Playstation 2 leikjatölvum í tnr. 9504.1000.

Hlustunarstöðin samanstendur af PC tölvu ("PC server") og við hana eru tengdar átta útstöðvar sem eru tæki með strikamerkjalesara og heyrnartólum tengdum við tölvuna. Tækið vinnur þannig að viðskiptavinur tekur hljómdisk sem hann hefur hug á að kynna sér, strýkur strikamerki á disknum við lesarann á hlustunarstöðinni og fær þá að hlusta á stytta útgáfu af efni disksins.

Tölvan er PC tölva með þeim vélbúnaði sem er í slíkum vélum. Stýrikerfi hennar er Microsoft Windows 98 SE (build: 4.10.2222A). Uppsetning stýrikerfisins er dæmigerð fyrir uppsetningu þess á PC tölvum. Hljóðkort vélarinnar er sett í staðlaða ISA tengirauf og ekki var að sjá að neinar breytingar hafi þurft að gera á vélbúnaði tölvunnar til að koma því fyrir. Hljóðkortíð er merkt þannig: Digitrak Music Play System ISC-12822. Hugbúnaður kerfisins er settur upp á disk tölvunnar. Hann er ræstur á dæmigerðan hátt og ekki að sjá að neinar breytingar hafi þurft að gera á stýrikerfinu til að hann skili hlutverki sínu. Hugbúnaðurinn er nefndur Digitrax V1.03D. Vinnsluferli hlustunarstöðvarinnar er þannig að CD geisladiskar eru lesnir og afritað af hverju lagi einnar mínútu sýnishorn sem skrifað er á sérstakan CD disk. Hvert einstakt lagasafn disksins er auðkennt með strikamerki hans sem er jafnframt slegið inn í hugbúnaðinn. Þetta verkatriði er framkvæmt á sérstakri PC vél sem ekki er tengd hlustunarstöðvunum. CD diskur með þessum upplýsingum er síðan settur í "PC server" vélina. Í "PC server" vélinni eru löggin (sýnishornin) afrituð yfir á harðan disk hennar. Gögnin eru á þessu stigi stafræn. Útstöðvarnar í búðinni eru búnar strikamerkjalesara og þegar strikamerki CD disksins er lesið er hægt að hlusta á sýnishornin sem voru afrituð. "PC server" vélin getur því tekið við merki frá stöðinni sem er staðsett í búðinni og "spilað" viðeigandi hljóðskrá. Gagnavinnsla "PC server"

vélarinnar sem er tengd hlustunarstöðvunum er að mestu sambærileg vinnslu hefðbundins CD spilara þó með þeirri undantekningu að CD spilarinn getur ekki geymt hljóðskrárnar heldur einungis spilað þær beint út í hátalara (heyrnartól) en “PC server” vélin getur geymt sambærileg gögn á eigin “harða disk”. Hugbúnaðurinn í “PC server” vélinni er enn fremur frábrugðinn að því leyti að hann getur lesið strikamerki og sótt viðeigandi sýnishorn og spilað. Hlustunarstöðin er vél sem samanstendur af “PC server” vél og útstöðvum þ.e. “vél sem framkvæmir tiltekið verkatriði”, þ.e. að leika hljóðskrár. Gagnavinnsla fer í sjálfu sér fram inn í “vélinni” en sú vinnsla er með sama hætti og fer fram í öðrum “geislaspilurum”. Höfuðnotkun búnaðarins er að leika hljóðskrár. Nefndarmenn telja að við flokkun á hlustunarstöðinni beri að líta til E liðs 5. aths. við 84 kafla tollskrár, en þar segir: *“Vélar sem framkvæma tiltekið verkatriði annað en gagnavinnslu og fela í sér eða vinna í tengslum við sjálfvirka gagnavinnsluvél skulu flokkaðar í viðeigandi vörulið með tilliti til verkatriðis þeirra eða, verði því ekki komið við, í lokavöruliði.”* Enn fremur til 4. ath. við XVI flokk en þar segir: *“Sé vél (þar með taldar samsettar vélar) gerð úr sjálfstæðum hlutum (hvort sem þeir eru aðskildir eða tengdir með pípum, tengslum, rafmagnsköplum eða öðrum búnaði), sem ætlað er sameiginlega að framkvæma skýrt skilgreint verkatriði sem einn af vöruliðum 84. eða 85. kafla taka til, skal hún í heild flokkast undir þann vörulið sem höfðar til þess verkatriðis.”*

Búnaðurinn var fluttur til landsins í tveimur sendingum. Í sendingu F787 12 08 1 BE LGG V019 á reikningi nr. COMRS020, frá Retec Europe Ltd sem innihélt: (Fjárhæðir eru í GBP £)

3 stk. Digitrax systems comprising of PC server, 8 playstation	£	32.460
6 stk. Single CD playstation and associated cabling	£	4.740
3 stk. CD encoding PC	£	2.850
og hins vegar í sendingu F 787 23 09 1 BE LGG V081, reikningur nr. COMRS021 frá Retec Europe Ltd og innihélt :		
1. stk. PC Digitrax server	£	1.200

Nefndarmenn telja að fyrstu tveir liðirnir á reikningi COMRS020, þ.e. hlustunarstöðvarnar og “Single CD playstation and associated cabling” beri að tollflokka í 8519.9909. Hins vegar fallast nefndarmenn ekki á flokkun tollstjóra á síðasta lið reikningsins, þ.e. 3. stk. “CD encoding PC” og 1. stk. “PC Digitrax server” sem var í sendingu F 787 23 09 1 BE LGG V081. Hér er um að ræða sjálfstæðar gagnavinnsluvélar “ PC vélar” sem tengjast ekki hlustunarstöðvunum og ber að flokka í vörulið 8471. með vísan til Almennra reglna um túlkun tollskrár.

Með vísan til 101. gr. tollalaga nr. 55/1987 með síðari breytingum úrskurðar ríkistollanefnd að hinn kærði úrskurður tollstjóra, dags. 21. október 2002, sé staðfestur að hluta. Staðfest er tollflokkun á Playstation 2 leikjatölvum í tnr. 9504.1000 og hlustunarstöðvum “Digitrax systems comprising of PC server 8 playstation” og “Single CD playstation and associated cabling” í tnr. 8519.9909. Hins vegar er felld úr gildi tollflokkun tollstjóra á “CD encoding PC” og “PC Digitrax server” í tnr. 8519.9909 en flokka skal CD encoding PC í tnr. 8471.4101 og PC Digitrax server í tnr. 8471.4109.